



ÁRSSKÝRSLA 2015



Ársskýrsla 2015

Ábyrgðarmaður: Hulda Ólafsdóttir

Rittjóri: Anney Þ. Þorvaldsdóttir

Hönnun og umbrot: Þorfinnur Sigurgeirsson

Ljósmyndir: Eggert Jóhannesson, Árni Sæberg og Herdís Steinarsdóttir

Prentun: Svansprent

ÁRSSKÝRSLA 2015

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Stjórn og starfsfólk Mímis-símenntunar	2
Frá formanni stjórnar	5
Inngangur framkvæmdastjóra	6
Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	8
Námsleiðir í tilraunakennslu	10
Nám fyrir fólk af erlendum uppruna	11
Íslenska sem annað mál	12
Annað nám	12
Ýmislegt	13
Raunfærnimat	15
Þróunarverkefni	16
Tölfræðilegar upplýsingar	18
Almennur rekstur	20

STJÓRN OG STARFSFÓLK MÍMIS-SÍMENNTUNAR



Stjórn Mímis-símenntunar. Frá vinstri: Linda Baldursdóttir, Sigurrós Kristinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson og Stefán Sveinsson.



Adalheiður Sigurjónsdóttir
ráðgjafi
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Anna Kristín Gunnarsdóttir
deildarstjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir
gjaldkeri
Rekstrardeild



Anna Sigurðardóttir
náms- og starfsráðgjafi
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Anna Sólveig Sigurðardóttir
móttaka og skráning
Tungumála- og fjölmenningsdeild



Anney Þórunn Þorvaldsdóttir
verkefnastjóri / kennari
Rekstrardeild



Erla Bolladóttir
verkefnastjóri
Tungumála- og fjölmenningsdeild



Erna Björk Gestsdóttir
skrifstofa og skráning
Tungumála- og fjölmenningsdeild



Guðný Ásta Snorradóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Helga Lind Hjartardóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Hjördis Kristinsdóttir
bókhald
Rekstrardeild



Hulda Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri



Inga Jóna Þórisdóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Ingibjörg Hanna Björnsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Ingunn Guðmundsdóttir
deildarstjóri
Rekstrardeild



Irma Matchavariani
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Lilja Rós Óskarsdóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Sólborg Jónsdóttir
deildarstjóri
Tungumála- og fjölmenningsdeild



Vala S. Valdimarsdóttir
verkefnastjóri
Tungumála- og fjölmenningsdeild



Þór Sigurjón Ólafsson
þjónustufulltrúi
Rekstrardeild



FRÁ FORMANNI STJÓRNAR



Sigurrós Kristinsdóttir, formaður stjórnar

Í síðustu kjarasamningum náðist mikilvægur áfangi í menntamálum bæði hvað varðar raunfærnimat og eins framlag til menntunar fyrir hópinn sem er orðinn 25 ára eins og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem vinnur með okkur að sama markmiði.

Í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verður farið í hæfnigreiningu starfa. Hæfnipættirnir verða síðan settir upp í námsskrá. Í framhaldi af því er síðan stefnt að því að bjóða uppá námskeið og/eða raunfærnimat á grundvelli þessarar vinnu.

Aukin þekking skilar sér síðan beint til samfélagsins, vinnustaðarins og einstaklinganna – allir njóta góðs af því að byggja upp menntun í samfélaginu.

Ljóst er að íslenskt atvinnulíf er að taka við sér með auknum hagvexti og er ánægjulegt að sjá að atvinnuleysi á vinnumarkaðnum almennt er komið í ákveðið lágmark þótt að enn fyrirfinnist atvinnulaust fólk á okkar sviði í félögum þar sem fólk hefur lakan menntunargrunn.



Reynslan hefur kennt okkur að eftirspurn eftir námi minnkar hjá einstaklingum á uppgangstímum. Vinnan fær forgang.

Kannanir sýna að ennþá er nokkuð í land með að menntunarstig þjóðarinnar sé sambærilegt við það sem best gerist hjá nágrannalöndunum.

Það hefur því verið lögð áhersla á það hjá Mími að bjóða upp á fjölbreytt nám á vinnustöðum og verður það kynnt enn frekar á vormánuðum.

Liður í því að hvetja atvinnulífið til að efla nám á vinnustað er vefurinn www.attin.is og með honum er fyrirtækjum gert auðveldar fyrir að afla sér upplýsinga og sækja um styrki. Nokkrir stórir starfsmenntasjóðir hafa sameinast um eina vefgátt sem tekur við umsóknum og fylgigögnum til eins, fleiri eða allra sjóðanna, allt eftir stéttarfélagsaðild starfsmanna. Þessu framtaki ber að fagna.

Á árinu var unnið að nýju merki fyrir framhaldsfræðsluna. Var það samstarf Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, fræðsluaðila og auglýsingastofunnar EMMENN.

Var það mat hópsins að rétt og samræmd notkun merkisins styrki ímynd framhaldsfræðslu í landinu, sem og fræðsluaðila sem sjá um framkvæmd fræðslunnar. Með því að merkja greinilega efni sem varðar framhaldsfræðsluna eflist það sem sameiningartákn. Neytendum verður ljóst að framhaldsfræðslan er hluti af menntakerfi landsins og rekin með opinberum fjármunum um land allt.

Mér þykir rétt á þessum tímamótum að þakka sérstaklega Ólafi Darra Andrasyni, fyrrum hagfræðingi hjá ASÍ, fyrir framlag hans hér í stjórninni og frábært samstarf við hann í stjórn.

Að lokum vil ég færa stjórn Mímis, framkvæmdastjóra Huldu Ólafsdóttur, og starfsfólki mínar bestu þakkir fyrir gefandi og árangursríkt samstarf á starfsárinu og ég hlakka til að takast á við verkefni framtíðarinnar með þessum öflugum hópi.

Sigurrós Kristinsdóttir

INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA



Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

Breyttir tímar kalla á ný vinnubrögð. Atvinnuleysi nálgast lágmark en eftir sitja hópar sem þurfa stuðning við að komast út í atvinnulíf. Stór hluti þeirra er fólk af erlendum uppruna. Til að mæta þörfum þessa hóps hefur Mímir átt ánægjulegt samstarf við Vinnuálastofnun og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu um nám sem samanstendur af starfstengdu námi sem heitir Vinna með börnum, íslenskukennslu og starfsþjálfun á leikskóla. Þessi samvinnun íslenskunáms og starfsþjálfunar hefur skilað góðum árangri og mörgum þátttakendum hefur boðist vinna í framhaldinu. Ísland er og verður fjölmenningslegt samfélag og er það mikill auður fyrir svo lítið samfélag. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum iðnaðarins má reikna með að á næstu 15 árum munum við hafa þörf fyrir um 2.000 erlenda starfsmenn á ári til að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins, ekki síst innan ferðaþjónustunnar. Það er mikilvægt að við tökum vel á móti erlendu starfsfólki og auðveldum því eins og kostur er að starfa á Íslandi. Mímir er í fararbroddi í íslenskukennslu og mun halda áfram að bjóða íslenskukennslu og fjölmenningsfræðslu á vinnustöðum á komandi árum. Vel menntað

og þjálfað starfsfólk er forsenda þess að hér verði byggð upp gæða þjónusta og gott samfélag.

Tölfræðin er mikilvæg til að hjálpa okkur að meta umfang og þróun fræðslustarfsins. Helsta breytingin árið 2015 er að náms- og starfsráðgjafaviðtölum fækkaði umtalsvert. Það má rekja til færri ráðgjafa í starfi og að ráðgjafar sinna jafnframt öðrum störfum s.s. raunfærnimati, þróunarverkefnum og kennslu.

Umfang náms er gjarnan metið í nemendastundum og er fjöldi þeirra svipaður og í fyrra en nemendum hefur fækkað. Þetta þýðir að hver nemandi er lengur í námi hjá okkur en áður var og er ein helsta skýringin sú að Menntastoðir, sem er 660 kennslustunda nám, hefur verið vinsæl námsleið.

Rekstur Mímis hefur verið í járnnum um nokkurt skeið og er 2,4% taprekstur árið 2015. Fyrir því eru tvær megin ástæður. Annars vegar er rekstrarframlag til Mímis á fjárlögum lægra en til annarra símenntunarmiðstöðva á landinu og nemur framlagið tæpum 4% af tekjum og er því 96% tekna Mímis verkefnatengdar tekjur. Ójafnræði á fjárlögum hefur viðgengist í mörg ár og ítrekað hefur verið farið fram á leiðréttingu við mennta- og menningarmálaráðherra en án árangurs. Hins vegar er ástæðan sú að Mímir getur ekki haft áhrif á verðlagningu um 90% verkefna sinna. Stærsti áhrifavaldur þar er Fræðslusjóður og hefur sjóðurinn með samþykki mennta- og menningarmálaráðherra sett fræðsluáðilum íþyngjandi reglur, sem eru auk þess óljósar. Fræðslusjóður hefur sem dæmi breytt úthlutunarreglum vegna náms- og starfsráðgjafar þannig að ekki er lengur greitt fyrir rekstrarkostnað vegna hennar. Verði rekstrarframlag ekki tryggt með öðrum hætti, t.d. á fjárlögum, er grundvöllur ráðgjafarinnar brostinn og ekki verður hægt að bjóða markhópnum upp á ráðgjafabjónustu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir styrki til íslenskukennslu. Árið 2015 lækkað ráðuneytið greiðslur vegna íslenskunámskeiða á miðju ári án skýringa og eru það óásættanleg rekstrarskilyrði.

Ef halda á úti öflugri framhaldsfræðslu, í þeim tilgangi að gefa fólki með stutta formlega skólagöngu annað

tækifæri til náms, þarf að tryggja rekstrargrundvöll starfsins ella er framtíð framhaldsfræðslu ógnað.

Vegna bágrar fjárhagsstöðu þurfti að fækka starfsfólki Mímis í upphafi árs 2016. Hjá Mími er fjöldi vel menntaðra sérfræðinga sem hafa byggt upp faglega gæðapjónustu fyrir markhópinn. Það er þessu fólki að þakka hversu vel hefur verið staðið að menntun og þjónustu við markhópinn. Þetta er mannaúður sem verður ekki metinn til fjár og mikilvægt fyrir Mími að geta haft áfram þessa miklu þekkingu og reynslu innanborðs. Ég óska starfsfólki, stjórn og eigendum Mímis alls hins besta í framtíðinni og þakka ánægjulegt samstarf sl. 13 ár.



VOTTADAR NÁMSLEIÐIR FRÆÐSLUMÍÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS HJÁ MÍMI-SÍMENNTUN

Aftur í nám

95 kennslustundir

Ótrúlega fá ár eru síðan fólk með lestrar- eða skriftarferfiðleika var einfaldlega afgreitt í skólakerfinu sem tossar. Námskeið fyrir lesblinda, *Aftur í nám*, hefur reynst mörgum sannkölluð hjálparhella og markað upphaf að frekara námi. Námsleiðin inniheldur íslensku og tölvukennslu, sjálfsstyrkingu og 40 einkatíma í aðferðum Ron Davis, auk einkatíma með námsráðgjafa. Haldið var eitt námskeið á árinu.

Grunnmenntaskóli

300 kennslustundir

Grunnmenntaskóli, önnur vinsælasta námsleiðin hjá Mími-símenntun, byggir upp almenna þekkingu og sjálfstraust sem er öllum nauðsynlegt veganesti, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þátttakendur læra m.a. námstækni, íslensku, framsögn, stærðfræði, ensku, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu. Sex námskeið voru haldin á árinu.

Almennar bóklegar greinar


300 kennslustundir

Almennar bóklegar greinar (Nám og þjálfun) er kjörin leið fyrir þau sem hætt hafa námi í framhaldsskóla og vilja taka upp þráðinn. Auk námstækni eru kenndar lykilgreinarnar íslenska, enska, danska og stærðfræði. Tölvunotkun er þjálfuð við upplýsingaleit og verkefnavinnu. Fjögur námskeið voru haldin á árinu.

Menntastoðir

660 kennslustundir

Þetta er ein best sótt námsleiðin hjá Mími, hún er krefjandi en skilar miklu. Námsleiðin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og háskólabráð Keilis og þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og loka-verkefni. Kostur er á því að ljúka Menntastoðum á einni önn eða í dreifnámi á tveimur önnum. Níu námskeið voru haldin á árinu.



Hljóðsmiðja I 120 kennslustundir

Megin áhersla í *Hljóðsmiðju I* er að námsmenn öðlist innsýn í helstu verkferla er snúa að hljóðvinnslu. Námsmenn taka virkan þátt í upptöku, klippingu og hljóðblöndun tónlistar og leikins efni á námskeiðinu en sú reynsla nýtist þeim við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni. Haldið var eitt námskeið á árinu.

Hönnunar- og tilraunasmiðja í FABLAB

120 kennslustundir

Markmið *Fab Labs* er að veita innblástur til nýsköpunar og kenna hvernig fara má frá hugmynd til fullbúinnar vöru með stafrænni framleiðslutækni, hvort sem það er frumgerð, listaverk eða önnur hönnun. Megin áhersla smiðjunnar, Hönnuna- og tilraunasmiðja í Fab Lab, er að námsmenn öðlist innsýn í stafræna framleiðslutækni og auki áhuga sinn á hönnun og nýsköpun. Með því að kynna ólíkum framleiðsluferlum frá upphafi til enda og sjá hugmyndir sínar verða að veruleika öðlast námsmenn innsýn í hvað liggur að baki því að búa til hluti og framleiða. Eitt námskeið var haldið á árinu.

Þjónusta við ferðamenn

– Færni í ferðaðþjónustu

160 kennslustundir

Ferðaðþjónusta er orðin ein undirstöðugreina í íslensku atvinnulífi og almenn þekking og þjónustulund mikilvæg meðal allra þeirra er vinna við greinina. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaðþjónusta, skyndihjálp og öryggismál, upplýsingaleit og -gjöf. Enskukennsla er samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur gera lokaverkefni sem þeir kynna í lokin. Haldin voru þrjú námskeið á árinu.

Starfsnám á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviði

200 kennslustundir

Námið byggist upp af námstækni, greinum sem snúa að samskiptum manna á milli, líkamsbeitingu, slysa-vörnum og öryggismálum, auk faglegrar þekkingar sem gagnast við störf þátttakenda. Fyrsti hluti af þremur var kenndur á árinu en síðari hlutarnir tveir verða kenndir árið 2016.

Skrifstofuskólinn

240 kennslustundir

Skrifstofuskólinn, sem er samstarfsverkefni NTV og Mímis-símenntunar, er mjög vinsælt og hagnýtt nám, þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir eru byggðar á hagnýtum viðfangsefnum og er kennt samkvæmt nýlega endurskoðaðri námskrá. Haldin voru sex námskeið á árinu.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

410 kennslustundir

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám NTV og Mímis-símenntunar (SMR) hentar sérstaklega þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu- rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Eftir námið hefur nemandi öðlast nægjanlega innsýn og færni í viðskipta-markaðs- og sölumálum til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja. Þrjú námskeið voru haldin á árinu.

Nám fyrir starfsmenn á leikskóla og í heilbrigðis- og félagsþjónustu Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla

200 kennslustundir

Fagnámskeið I og II fyrir leikskóla er nám í grunnatriðum leikskólastarfs sem starfsfólk leikskóla á kost á. Að þeim loknum sækja margir um áframhald í Leikskólaliðabré. Haldin voru tvö 100 kennslustunda námskeið á árinu.

Tvö slík námskeið voru haldin á árinu fyrir erlenda atvinnuleitendur Vinnuálastofnunar og voru þau tengd íslenskukennslu og starfsþjálfun.

Fagnámskeið I og II í aðhlyningu og umönnun

198 kennslustundir

Námið er grunnnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlyningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af félagsliðabré. Haldin voru fjögur námskeið á árinu.

Leikskólaliðabré

Fjórar annir

Leikskólaliðabré er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi, samhliða starfi og veitir starfsheitið Leikskólaliði. Þrjú hópar stunduðu nám á leikskólaliðabré á árinu.

Félagsliðabré

Fjórar annir

Félagsliðabré er fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi, samhliða starfi og veitir starfsheitið Félagliði. Fjórir hópar stunduðu nám á félagsliðabré á vor- og haustönn.

Framhaldsnámskeið

56 kennslustundir

Framhaldsnámskeið um fötlun var haldið á haustönn, í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Námið er sérhannað fyrir félagsliða. Haldið var eitt námskeið á árinu.

Verkfærni í framleiðslu II

120 kennslustundir

Meginmarkmið verkefnisins er að hanna sérhæft nám og þjálfun fyrir starfsmenn í framleiðslufyrirtækjum og jafnframt greiða leið þeirra til náms í formlega skólakerfinu. Í kjölfar þarfagreiningar og námskráskrifa fór Verkfærni í framleiðslu II í tilraunakennslu en kennslan fór fram hjá Marel líkt og var með VF I.

Í VF II er lagt upp með þá áherslu að dýpka efnisþætti VF I vonast er til þess að það muni opna leiðir í formlega menntakerfið. Meðal námsgreina eru Tjáning og samskipti, Stærðfræði, Enska, Öryggismál, TIG-suða og Gæðavitund og framleiðslufræði. Nemandur og kennarar voru almennt ánægðir með námskeiðið og þökkum við gott samstarf við Marel. Haldið var eitt námskeið á árinu.

NÁMSLEIÐIR Í TILRAUNAKENNSLU

Þjónusta og upplýsingaveita

60 kennslustundir

Starfsfólk í móttöku og upplýsingaveitu er andlit síns fyrirtækis og gjarna fyrstu tengsl við viðskiptavini. Mikilvægt er að hafa þekkingu og færni til að mæta fjölbreyttum hópi viðskiptavina og er náminu ætlað að efla þá færni, meðal annars með því að læra og æfa aðferðir til að þjónusta viðskiptavini. Rík áhersla er lögð á verndun orðspors og notkun samskiptamiðla. Einn hópur tók þátt í námsleiðinni.

Starf í vöruhúsum

120 kennslustundir

Vöruhúsum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum, ýmist eru þau hluti af fyrirtækjunum sjálfum eða þjóna tilgangi vöruhótela. Atvinnuauglýsingar gefa til kynna að töluverð eftirspurn sé eftir starfsfólki með þekkingu og reynslu af störfum í vöruhúsum. Meðal námsgreina eru vörumeðferð, afgreiðsla-tínsla, vörumóttaka, fyrirtækið-starfsmaðurinn, samskipti á vinnustað auk þess sem nemendur fóru í starfsþjálfun þar sem efni námskrár var tekið markvisst fyrir eftir því sem leið á námið. Einn hópur tók þátt á árinu.

Starfsleitarnámskeið

16 kennslustundir

Mímir hefur skipulagt og haldið starfsleitarnámskeið fyrir skjólstaðinga Vinnumálastofnunar. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitandanum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Segja má að helstu þarfir hópsins séu af tvennum toga; annars vegar þarf hann sjálfsstyrkingu og stuðning, hins vegar þarf hópurinn aðhald, hvatningu og að hann sé virkjaður til atvinnuleitar. Námskeiðið var því hannað með þessar þarfir í huga.

Í upphafi námskeiðsins er farið í sjálfsþekkingu og styrkingu til þess að atvinnuleitandinn geti betur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum, hvað hann vill og hvert hann vill stefna. Í kjölfarið er farið yfir gerð ferilskrár og kynningarbréfs sem koma upplýsingum um hæfni og þekkingu viðkomandi einstaklings til skila. Aðrir þættir sem farið er í eru til dæmis skráning á atvinnumiðlanir, umfjöllun um tengslanet, námsmöguleikar, markmiðssetning, atvinnuviðtöl, hvernig best sé að halda utan um

atvinnuleit og hvernig útvikka megi starfshugmyndir og leiðir í atvinnuleitinni.

Starfsleitarnámskeiðið hefur veitt náms- og starfsráðgjöfum Mímis tækifæri til að leiðbeina fólki í atvinnuleit, t.d. varðandi nám og einnig að veita þeim persónulega aðstoð og stuðning til að takast á við breyttar aðstæður. 16 hópar sóttu nám í starfsleit á árinu. Sextán hópar tóku þátt í starfsleitarnámskeiði.

Umsagnir nemenda um nám hjá Mími

Rosalega ánægð með alla kennslu og kennara.

Frábær undirbúningur fyrir áframhaldandi nám.

Frábært hvað flestir kennaramir í Mími eru góðir í að koma manni aftur í gírinn.

Æðislegur hópur, góðir kennarar, gott andrúmsloft.

The course and teachers were overall excellent. We all learned a lot, you can be proud of this course.

This whole course was truly excellent and fantastic and I had so much fun. Most of the teachers were amazing and I would love to take more courses with most of them. Very good stuff.

Frábært hvað allir náðu vel saman og hjálpuðust að.

Tíminn flaug áfram, þetta var svo skemmtilegt.

Vinna með börnum; meðmæli með nemendum úr starfsþjálfun

Nemandinn var stundvís, sýndi mikinn áhuga á starfinu og tók leiðbeiningum og ráðum vel. Hún var jákvæð og samskipti voru góð. Íslenskukunnátta hennar er nokkuð góð. Hún sýndi öryggi, frumkvæði í starfi og var fljót að læra. Ég get gefið henni góð meðmæli.

Nemandinn var stundvís og sýndi starfinu, umhverfinu og menningu leikskólans áhuga. Hún gekk í öll verk, mörg hver óumbeðin og gat unnið sjálfstætt.

Nemandinn var dugleg innan um börnin, settist hjá þeim, lék við þau og spjallaði eftir bestu getu. Börnin voru einnig nokkuð fljót að sækja í hana í blíðu og stríðu. Hún lagði sig einnig fram við að læra íslensku og við tókum eftir framförum á þeim stutta tíma sem hún vann hjá okkur. Hún var einnig æruggari hjá okkur og við áttum góð og jákvæð samskipti við hana.

...Það hefur verið ánægjulegt að starfa með henni á þessu tímabili.

NÁM FYRIR FÓLK AF ERLENDUM UPPRUNA

Vinna með börnum – Grunnám fyrir skólaliða

70 kennslustundir

Þessi námsleið er ætluð þeim sem hafa hug á að starfa sem skólaliðar í grunnskólum eða sem starfsmenn á leikskólum. Þessi námsleið hefur verið þróuð hjá Mími-símenntun þannig að hún hentar vel atvinnuleitendum af erlendum uppruna. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við námið og nemendurnir ljúka náminu með fjögurra vikna starfsþjálfun á leikskólum. Í íslenskuhluta námsins þjálfar nemendur bæði almennan og starfstengdan orðaforða auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsleiðarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku og aðstoðar nemendur við að skilja betur helstu lykilhugtök í fagtengdum greinum.

Þrjú slíkt námskeið voru haldin á árinu. Þau voru öll haldin fyrir Vinnuálastofnun, fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna.

Þjónustuliðar

60 kennslustundir

Námskeiðið er 60 kennslustunda grunnám og er ætlað þeim sem starfa við ræstingar, hreingerningar eða sótt-hreinsun, starfa í býtibúrum, borðstofum, kaffistofum, matsölum eða þvottahúsum. Þessi námsleið hefur einnig verið í þróun hjá Mími fyrir erlenda atvinnuleitendur með svipuðu sniði og Vinna með börnum - Grunnám fyrir skólaliða.

Eitt slíkt námskeið var haldið á árinu og var það fyrir atvinnuleitendur.

Landnemaskólinn – Íslenska og samfélagið

120 kennslustundir

Landnemaskólinn er námsleið vottuð af FA. Í námsleiðinni er fléttað saman íslenskukennslu og samfélagsfræðslu á fjölbreyttan hátt. Farið er í vettvangsferðir og þátttakendur vinna blað saman með myndum og textum úr ferðum og íslenskunáminu. Ferilskráargerð, sjálfstyrking og tölvuþjálfun eru einnig hluti af náminu. Flestir þátttakendur komu á vegum Vinnuálastofnunar



og hjá einum hópi var 2ja vikna starfsþjálfun fyrir atvinnuleitendur bætt við námið í lokin.

Tveir Landnemaskólar voru haldnir á árinu í samvinnu við verkefnið Menntun núna í Breiðholti og Þjónustumiðstöð Breiðholts og var það niðurgreitt að hluta fyrir nemendur sem komu úr Breiðholti. Öðrum hópnunum var kennt í Gerðubergi en hinum í Höfðabakka 9.

Að lesa og skrifa á íslensku

120 kennslustundir

Námsleið FA *Að lesa og skrifa* á íslensku er ætluð fólki af erlendum uppruna sem þarf þjálfun í lestri og skrift, glímur við ólæsi eða hefur ekki náð tökum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, skrift, tölvuþjálfun og sjálfstyrking.

Námsleiðin *Að lesa og skrifa á íslensku* var kennd einu sinni á árinu.

ÍSLENSKA SEM ANNÐ MÁL

Almenn námskeið

Íslenskunámskeiðin voru vel sótt og brottfall nemenda úr námskeiðum lítið. Kennt var á þremur stöðum, þ.e. í Höfðabakka, í húsnæði Mímis á Öldugötu og einnig í Gerðubergi í tengslum við verkefnið Menntun núna í Breiðholti. Íslenskunámskeið fyrir foreldra af erlendum uppruna í Fellaskóla og á leikskólanum Ösp voru einnig haldin í þeim skólum með stuðningi frá verkefninu Menntun núna í Breiðholti. Flest íslenskunámskeið hjá Mími-símenntun eru 60 kennslustundir en einnig voru haldin 30 stunda námskeið í talþjálfun. Boðið er upp á fimm stig í almennri íslensku, bæði morgun- og kvöldnámskeið. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölmenningarlega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál. Fyrir byrjendur er boðið upp á kennslu þar sem kennarinn styðst við móturmál nemenda á sjö mismunandi tungumálum. Áður en námskeið hefjast býðst nemendum að taka stöðumat svo hægt sé að meta hvaða stig hentar þeim best og við lok námskeiðs fá þátttakendur ráðleggingar um næstu skref í íslenskunáminu. Einnig er hægt að taka íslenskupróf vegna umsóknar um búsetuleyfi auk þess sem erlendir hjúkrunarfræðingar þreyta íslenskupróf hjá Mími sem hluta af umsókn um að hljóta íslenskt hjúkrunarleyfi. Mímir-símenntun býður að auki upp á námskeið til að undirbúa innflytjendur fyrir próf í íslensku vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt. Á árinu hófst samstarf Mímis við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um að hælisleitendum sem þiggja þjónustu hjá Reykjavíkurborg standi til boða að sækja eitt íslensku- (eða enskunámskeið) á önn hjá Mími á meðan þeir bíða eftir svári við hælisumsókn sinni. Töluverður hluti hælisleitenda hefur nýtt sér þetta sem er jákvætt, en sýnt þykir að virkni í daglegu lífi hefur góð áhrif á andlega heilsu fólks sem býr við óvissu.

Starfstengd íslenskunámskeið á vinnustöðum

Starfstengdum íslenskunámskeiðum sem eru haldin að beiðni fyrirtækja, fjölgaði á árinu. Svo virðist sem vinnumarkaðurinn sé að taka við sér aftur og bjóða upp á íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sitt. Það eru jákvæðar fréttir og vonandi heldur sú þróun áfram.

Hjá Mími-símenntun hefur verið unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum, bæði innlendum sem erlendum, sem tengjast tungumálakennslu innflytjenda og tengslum við vinnustaði. Sú vinna hefur skilað markvissari og árangursríkari íslenskunámskeiðum í fyrirtækjum.

Á árinu 2015 voru alls haldin 103 námskeið í íslensku sem öðru máli með 982 þátttakendum.

ANNÐ NÁM

Tungumálanámskeið

Á árinu var boðið upp á námskeið í 15 tungumálum. Námskeið í arabísku var haldið aftur eftir nokkurt hlé. Mímir-símenntun bauð Rauða krossi Íslands það námskeið að kostnaðarlausu fyrir sjálfboðaliða sem sinna stuðningi við flóttafólk frá Sýrlandi. Á námskeiðinu var samtvinnað námi í arabísku og fræðslu um arabíska menningu eftir ólíkum svæðum og menningarheimum. Námskeiðið vakti lukku og hefur verið kennt áfram. Aukning hefur verið í aðsókn í enskunámskeið og eru það jafnt Íslendingar og fólk af erlendum uppruna, m.a. hælisleitendur, sem sækja þau í auknum mæli. Flest námskeið voru haldin í norsku en meirihluti þeirra þó á vorönninni. Að auki var boðið upp á einkatíma í tungumálum en um 50 einkatímar voru kenndir.

Haldin voru 44 tungumálanámskeið á síðasta ári og voru nemendur alls 325.

Fjölmennt

Mímir-símenntun og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, eiga með sér samstarf um námskeið. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fötluðu fólki tækifæri til að sækja námskeið hjá Mími og þar með stuðla að því að fatlað fólk njóti símenntunar á sama stað og hjá sömu fræðsluaðilum og ófatlaðir. Hver þátttakandi hefur rétt á að sækja eitt námskeið á önn.

Á síðasta ári voru haldin 23 námskeið af ýmsum toga og voru nemendur alls 131 talsins.

ÝMISLEGT



Fræðslustjóri að láni

Verkefnið *Fræðslustjóri að láni* er hlutlaus ráðgjöf þar sem farið er yfir fræðslu- og þjálfunarmál viðkomandi fyrirtækis og unnin þarfagreining. Þá liggja til grundvallar þau námskeið og sú fræðsla sem fyrirtæki býður að jafnaði uppá, horft er til stefnu fyrirtækis til framtíðar auk þess sem rýnihópar eru nýttir til að fá mynd af því hvar þarfir fyrir nýja og/eða endurbætta fræðslu liggja. Afurð verkefnisins er tímasett fræðsluáætlun sem fyrirtækin vinna eftir. Þau fyrirtæki sem nýtt hafa sér þessa þjónustu Mímis-símenntunar eru í ferðaþjónustu- og veitingageiranum.

Fræðslustjóri að láni er unnið í samstarfi við starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóði stéttarféлага.

Starfslokanámskeið

16 kennslustundir

Sex starfslokanámskeið voru haldin fyrir félagsmenn Eflingar á árinu. Þar var fjallað um lífeyristryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál og frístundir og starfslok.

Fjölmening hjá Mími-símenntun

Mímis-símenntunar býður upp á fræðslu um fjölmenningu og fjölmenningarlegt samfélag. Í öllum lengri námsleiðum sem Mímir stendur fyrir hefur verið boðið upp á slíka fræðslu sl. tvö ár og hefur það mælst vel fyrir. Í ljósi vaxandi þarfar fyrir fræðslu á samfélagsvísu býður Mímir nú upp á fyrirlestra og námskeið fyrir atvinnulífið og hafa slík námskeið þegar verið haldin fyrir starfsfólk Eflingar-stéttarfélags við góðar undirtektir.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF



Á síðasta ári veittu náms- og starfsráðgjafar Mímis-
símennntunar 1328 viðtöl, bæði í einstaklings- og hópráð-
gjöf. Ráðþegar óska oft eftir viðtali að eigin frumkvæði
en erfitt getur reynst að ná til þingsta hluta markhópsins
sem þó hefur hvað mesta þörf fyrir stuðning og hvatningu
ráðgjafa. Ráðþegum nýtist vel að fara yfir mögulegar
leiðir í námi, byggðar á styrkleikum, áhuga og færni-
kröfum.

Nemendur Mímis eiga greiðan aðgang að ráðgjöfum.
Ráðgjafar leiðbeina með námsaðferðir, veita stuðning
við að vinna á prófkvíða og einbeitingarskorti og ýmsu
öðru sem leitar á nemendur hverju sinni. Þessi stuðn-
ingur ræður oft úrslitum um hvort nemendur geta lokið
námi, oft á tíðum í fyrsta sinn síðan í grunnskóla.

Helstu viðfangsefni í ráðgjafaviðtölum hafa snúið að:

- vali á námi og námskeiðum.
- aðstoð við skipulögð vinnubrögð.
- leiðum til að takast á við hindranir í námi og starfsleit.
- áhugasviðs- og færniþreiningu.
- leiðsögn við ferilskrárgerð, gerð starfsumsóknna, kynningar- og fyrirspurnabréfa.
- útvíkkun hugmynda í starfsleit og eftirfylgni við að sækja um störf.
- hvatningu, stuðningi og sjálfsefningu.
- raunfærnimati.

RAUNFÆRNIMAT

Mat á raunfærni er staðfesting á þekkingu

Raunfærnimat er öflugt tæki fyrir þá sem hafa reynslu úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Með því er hægt að sýna fram á reynslu og færni í starfi sem nýtist við atvinnuumsókn, byggja undir frekari starfsþróun og stytta nám. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eflt sjálfstraust.

Á árinu voru eftirfarandi greinar í boði:

Raunfærnimat á móti viðmiðum áfanga á þjónustubraut Borgarholtsskóla. Undir þjónustubraut fellur leikskóla-liðabraut, félagsliðabraut og félags- og tómstundabraut.

Alls luku 16 einstaklingar raunfærnimatinu; fimm í leikskólaliðabraut, fimm í félagsliðabraut og sex í félags- og tómstundabraut.

Raunfærnimat á móti viðmiðum Skrifstofubrautar I í Menntaskólanum í Kópavogi. Þrettán þátttakendur luku matinu.

Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði). 22 einstaklingar luku mati með góðum árangri.



ÞRÓUNARVERKEFNI

Alls var unnið að sautján þróunarverkefnum á síðasta ári, bæði innlendum og erlendum. Innlendu verkefni voru styrkt af þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar, þróunarsjóði innflytjendaráðs, sjóði mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar og starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Á síðasta ári var m.a. unnið að eftirfarandi þróunarverkefnum:

Námsleið fyrir starfsfólk á endurvinnslu- stöðvum

Verkefnið snýst um þarfagreiningu og gerð þriggja 60 stunda námskráa fyrir starfsfólk við söfnun, móttöku og meðhöndlun úrgangs, endurvinnslu brotamálma og annarra endurvinnsluefna og móttöku spilliefna. Markmiðið er að skapa námstækifæri á sviði þar sem slíkt er ekki fyrir hendi. Það eykur þekkingu og öryggi starfsmanna auk þess að efla starfsstöðvar sem sinna endurvinnslu til símenntunar fyrir starfsfólk sitt og hefur jákvæð áhrif á sviði umhverfismála.

Sjósókn. Tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi

Markmiðið er að efla menntun sjómanna og hækka menntunarstig þeirra. Raunfærnimat og leiðir svo hægt sé að stunda nám í Menntastöðum án nettengingar er hluti af verkefninu. Námskipulag og námsefni er aðlagð að þörfum markhópsins í þessu skyni, auk þess sem þátttakendur hafa góðan aðgang að stuðningi námsráðgjafa. *Grunnnám fyrir fiskvinnslufólk* verður einnig aðlagð markhópnum. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Mímir er samstarfsaðili og ber ábyrgð á hluta verksins.

Raunfærnimat í öryggisfræðum í afþreyingar- þjónustu

Í verkefninu eru unnir gátlistar, skimunarlistar og verkfæri til raunfærnimats fyrir námsleiðina *Björgunarmaður I* sem er kennd í Björgunarskóla Slysavarnarfélagssins Landsbjargar.

Til heilsu og starfa

Verkefnið snýst um að gera þarfagreiningu og hanna og kenna námskeið í íslensku sem nýtist fólki af erlendum uppruna sem þarf að komast í endurhæfingu á Reykjalundi eða hjá VIRK-endurhæfingu. Þátttakendur á námskeiðinu hafa ekki getað nýtt sér endurhæfingu

vegna skorts á íslenskukunnáttu, en oft er um sérhæfðan orðaforða að ræða.

Íslenska og starfsþjálfun

Í verkefninu var þróað 60 stunda viðbótarnám í íslensku sem öðru máli við námsleiðir FA, auk fjögurra vikna starfsþjálfunar þar sem stuðningur bæði við nemendur og vinnustaði var hluti af þjálfuninni. Í íslenskunáminu var áhersla lögð á bæði starfstengdan orðaforða og samvinnu við fagkennarana þannig að sá hluti námsins nýttist nemendum sem best. Hugmynda- og aðferðafræði Íslenskuþorps HÍ var hluti af verkefninu en í náminu lærðu nemendur nýjar aðferðir við að læra tungumál, m.a. með því að tengja saman íslenskunámið og starfsþjálfunina. Verkefninu lauk á árinu.

Túlkunám framhald:

Þarfagreining og námskeið

Þetta verkefni snérist um að gera þarfagreiningu og halda framhaldsnámskeið fyrir starfandi túlka. Aðaláherslan í því námi snéri að orðaforða og þjálfun í túlkun á sviði löggæslu, þjónustu við hælisleitendur og félagsþjónustu. Afurð verkefnisins er m.a. grunnur að námskrá í námi fyrir túlka sem hentar markhópi framhaldsfræðslunnar. Verkefninu lauk á árinu.

Verslunarfulltrúi – ný námskrá

Verkefnið snéri að því að skrifa nýja námskrá fyrir verslunarfulltrúa með möguleika á framhaldi innan formlega skólakerfisins. Í tengslum við skrifin var gerð ítarleg þarfagreining innan greinarinnar. Námskráin er núna í vottunarferli hjá Menntamálastofnun. Verkefninu lauk á árinu.

Erlend samstarfsverkefni sem var unnið að á síðasta ári:

GOAL

(Guidance and Orientation for Adult Learners) – styrkt af Erasmus+ áætluninni.

Verkefnið miðar að því að þróa ráðgjöf í átt að færniuppbyggingu fyrir viðkvæma hópa fullorðinna nemenda sem erfitt er að ná til. Hópráðgjöf og eftirfylgni er hluti af verkefninu. Verkefninu er stýrt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu en FA stýrir því á Íslandi. Mímir-símenntun er einn af samstarfsaðilum um framkvæmd verksins á Íslandi.

Fast Track

– styrkt af Erasmus+ áætluninni.

Verkefnið er samstarfsverkefni fimm landa. Er því ætlað að þróa tæki og aðferðir við að meta starfshæfni innflytjenda, sem hafa enga þekkingu í tungumáli þess lands sem þeir vilja starfa í. Að okkur snýr mat sem tengist störfum í aðhlyningu.

CoachLang

(Coaching and encouraging adult migrants language use in working life) – styrkt af Nordplus áætluninni.

Verkefnið var mannaskiptaverkefni þar sem verkefnastjórar, náms- og starfsráðgjafar og kennarar í íslensku sem öðru máli fóru til annara Norðurlanda og kynntu sér tungumálanám, úrræði fyrir erlenda atvinnuleitendur og starfstengt nám fyrir innflytjendur. Verkefninu lauk á árinu.

eEnrich

– styrkt af Grundtvig áætluninni.

Markmið verkefnisins var að kynslóðir lærðu hvor af annarri. Mörg lönd tóku þátt og verkefnin voru af ýmsum toga. Verkefninu lauk á árinu.

LETSO through Culture

(Language, Education, Teaching Skills, Growing Opportunities through Culture) – styrkt af Grundtvig áætluninni.

Markmið verkefnisins var að tengja saman menningar- og tungumálakennslu auk fjölmenningarlegra



kennsluhátta, bæði í kennslu erlendra tungumála og í kennslu fyrir innflytjendur. Verkefninu lauk á árinu.

ABF i Norden

Mímir-símenntun er aðili að ABF i Norden, fræðslusamtökum verkalýðsfélaga á Norðurlöndum. Markmið samtakanna er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu.

Haldnir eru tveir fundir, ásamt stuttum ráðstefnum, á ári. Mímir sá sér ekki fært að mæta á báða fundina af sparnaðarástæðum. Fulltrúi Mímis tók þátt í ráðstefnu í lok október 2015 á vegum ABF-Norden í Danmörku sem hét: **The opportunities of adult education in the digital civil society** (Tækifæri fullorðinsfræðslunnar í tölvutækni hversdagsins). Þar kom fram að AOF horfir uppá minnkandi þátttöku í námskeiðum. Samkeppnin kemur úr ýmsum áttum ekki síst gegnum netmiðla. Leitað hefur verið nýrra leiða til að nálgast nemendur með snjalltæki í huga. AOF Danmark hyggst deila góðum hugmyndum með samstarfsaðilum ABF Norden. Allir lýstu áhuga á að skoða verkefnið áfram.


TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Gæðastjórnun


Mímir hélt áfram á sömu braut varðandi gæðamál og fékk góða umsögn úttektaraðila. Gæðateymi vann að fleiri vinnureglum og lagði áherslu á kynningu til starfsmanna. Komið var á rafrænni könnun á viðhorfum nemenda til námsins. Á árinu vann gæðateymi Mímis áfram að endurbótum og uppsetningu ferla, gátlista og verkreglna fyrir hin ýmsu verkefni fyrirtækisins.

Gæðateymi Mímis, sem skipað er fjórum starfsmönnum, hefur á árinu unnið að því að bæta gæðahandbók fyrirtækisins. Ýmis skjöl hafa verið uppfærð og ný búin til. Vinna við gæðahandbókina miðar að því að til sé sam-eiginlegur þekkingarbrunnur fyrir starfsmenn og stjórnendur sem auðveldar utanumhald og yfirsýn verkefna.


Heildarfjöldi nemendastunda 2011–2015




Nemendastundir 2011–2015




Heildarfjöldi nemenda 2011–2015




Skipting nemendastunda eftir flokkum 2015




Nemendastundir 2011–2015




Nemendastundir 2010–2014




Fjöldi viðtala 2011–2015




Aldursdreifing 2015



Menntun núna 2014 – nemendafjöldi



Ráðþegar í náms- og starfsráðgjöf eftir aldri 2014



ALMENNUR REKSTUR

Árið 2015 var Mímir-símenntun rekinn með 9.077.904 kr. tapi. Nú er svo komið að frá árinu 2011 hefur Mímir lagt 54 milljónir af eigin fé til rekstursins. Það er staðreynd sem talar sínu máli og kallar á umræður um það hvert framhaldsfræðslan stefnir.


Frum ástæða þessarar stöðu er sú að það verð sem greitt er fyrir þjónustu framhaldsfræðslunar er of lágt. En frá því að Fræðslusjóður lækkaði verðið á námsleiðunum árið 2011 hefur Mímir barist við að skera niður útgjöld eins og mögulegt er. Þau ráð eru nú fullreynd og ekki hægt að ganga lengra nema með því að ganga á gæði þjónustunnar við nemendur.

Í rekstrarframlagi Alþingis til símenntunarmiðstöðva um land allt kemur ár eftir ár fram óútskýrð mismunur þar sem Mímir er með lægstu fjárhæðina þrátt fyrir að vera lang stærstur. Þetta hlýtur að teljast brot á jafnræðisreglum. Mímir bindur vonir við að þetta leiðréttist nú þegar stjórnvöld eru farin að vinna eftir nýjum lögum um opinber fjármál.

Símenntunarmiðstöðvarnar þurfa að fá stöðugri, gagnsæri og sýnilegri reglur um greiðslur vegna þeirra samninga sem stjórnvöld gera við þær um framhaldsfræðsluna. Það á einnig við um greiðslur vegna íslensku fyrir útlendinga. Á miðju seinasta ári var einingarverð lækkað án þess að tóm gæfist til að bregðast við með hækkun nemendagjalda. Þannig verklag gengur ekki upp í rekstri.

Fræðslusjóður annast umsýslu með þeim fjármunum sem veitt er til framhaldsfræðslunnar, setur reglur um úthlutun þeirra og ákveður gjaldskrá. Í stjórn fræðslusjóðs eru fulltrúar skipaðir í samræmi við lög um framhaldsfræðslu. Þar er ekki gert ráð fyrir að fulltrúi frá framkvæmdaraðilum framhaldsfræðslunnar sitji í stjórn. Þetta hljóta að hafa verið mistök við lagasetninguna sem Alþingi verður að leiðrétta við fyrsta tækifæri.

Uppruni tekna Mímis-símenntunar 2015



Heildarvelta Mímis-símenntunar 2011–2015

